

**Nd.**

**462. L Ö G**

um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

(Afgreidd frá Nd. 10. ágúst).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumannni, áður lögmaeltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstaþgreiðslumanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lög-reglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamála-meðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1. málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.